

Ársreikningur Jeratúns ehf. árið 2022

Ársreikningur Jeratúns ehf. er gerður í samræmi við nýja og endurbætta staðla (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC).

Ársreikningur Jeratúns ehf. fyrir árið 2022 var staðfestur af stjórn félagsins í dag, 27. mars 2023.

Jeratún ehf. er einkafyrirtæki í eigu Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar og Sveitarfélagsins Stykkishólms og bera þau ábyrgð á skuldbindingum þess. Hlutverk félagsins er bygging og rekstur skólahúsnæðis Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Starfsemi félagsins flokkast því undir að vera á vettvangi sveitarfélaga.

Hagnaður félagsins á árinu 2022 var 51.822 þús. kr. og í lok þess var eigið fé jákvætt sem nemur 400.695 þús. kr. skv. ársreikningi.

Lántaka félagsins er vegna fjármögnunar framkvæmda við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Sveitarfélögin ásamt ríkinu greiða húsaleigu sem á að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum. Í lok ársins námu eftirstöðvar lána um 80 millj. kr. og voru eftirstöðvar í skilum. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á greiðslu lánanna.

Félagið er með leigusamning við Menntamálaráðuneytið og sveitarfélögin á Snæfellsnesi vegna fasteignarinnar til 31. júlí 2024. Núverandi leigugreiðslur eru 77.110 þús. kr. á ársgrundvelli og eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs.

Jakob Björgvin Jakobsson, er stjórnarformaður Jeratúns ehf. og veitir frekari upplýsingar um starfsemi þess og stöðu.

Jeratún ehf.

Lykiltölur úr ársreikningum 2018-2022

Rekstrarreikningur	2022	2021	2020	2019	2018
Tekjur	77.110	71.684	68.791	67.018	64.934
Rekstrargjöld	-7.671	-7.709	-9.014	-7.017	-6.208
Afskriftir	-4.523	-4.510	-4.507	-4.495	-4.369
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-13.094	-12.519	-13.613	-15.608	-19.527
Hagnaður fyrir skatta	51.822	46.946	41.657	39.898	34.830
Tekjuskattur	0	13.159	-8.335	-4.824	0
Hagnaður ársins	51.822	60.105	33.322	35.074	34.830
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	414.333	417.918	422.163	425.801	420.715
Veltufjármunir	79.443	53.408	32.333	32.931	29.345
Eignir samtals	493.776	471.326	454.496	458.732	450.060
Eigið fé	400.695	348.873	288.768	255.446	216.372
Langtímaskuldir og skuldbindingar	51.835	84.260	127.422	150.011	181.094
Skammtímaskuldir	41.246	38.193	38.306	53.275	52.594
Eigið fé og skuldir samtals	493.776	471.326	454.496	458.732	450.060
Yfirlit um sjóðstreymi					
Handbært fé frá (til) rekstri	61.630	58.798	52.322	43.411	45.917
Fjárfestingahreyfingar	0	0	0	0	0
Fjármögnunarahreyfingar	-38.211	-35.673	-50.737	-45.449	-39.927
Handbært fé í árslok	75.366	51.948	28.823	27.238	29.276
Kennitölur					
Veltufjárhlutfall	1,93	1,40	0,84	0,62	0,56
Eiginfjárhlutfall	81,15%	74,02%	63,54%	55,69%	48,08%